




ÚTIGANGSHESTAR (1929) eftir Jón Stefánson.

FRUMHERJAR OG NÝTT MYNDMÁL

Í dag verður opnuð í öllum söllum Listasafns Íslands yfirlitssýning með völdum sýnishornum af íslenskri myndlist frá 20. öld. Á sýningunni verða verk eftir frumherjana frá upphafi aldarinnar og brautryðjendur íslensks landslagsmálverks. Þá verða verk sem sýna expressíónisma millistríðsáranna og afstraktlist fyrstu áratuganna eftir síðari heimsstyrjöldina. Að lokum verða sýnd valin verk frá síðustu þrem áratugum.

SUMARSÝNINGUNNI er ekki síst ætlað að kynna íslenska myndlist fyrir þeim fjölmörgu erlendu ferðamönnum sem koma til landsins yfir sumarmánuðina. „Hún veitir ekki heildaryfirlit yfir listasögu tímabilsins, en varpar hins vegar ljósi á þann fjölbreytileik og þau sérkenni sem sjá má í íslenskri myndlist aldarinnar,“ eins og segir í kynningu safnsins sem stuðst er við hér á eftir.

Salur 1 - Upphaf íslensks modernisma

Í þessum sal eru valin verk úr eigu safnsins eftir nokkra þá listamenn sem settu mestan svip á íslenska myndlist á fyrri hluta aldarinnar og áttu mestan þátt í að innleiða myndmál

móðernismans. Þar er fyrst að telja þá Jóhannes S. Kjarval (1885-1972) og Jón Stefánson (1881-1962).

Einar Jónsson (1873-1954) varð fyrstur Íslendinga til að nema höggmyndalist í Kaupmannahöfn 1893-99, auk þess sem hann dvaldi í Róm, Berlín og Lundúnum áður en hann fluttist heim 1920. Hann mótadist snemma af austurrískum og frönskum symbolisma, sem hann tengdi síðan guðspekilegum hugmyndum.

Kristín Jónsdóttir (1888-1959) varð fyrst íslenskra kvenna til að leggja fyrir sig myndlist. Hún lærði málalag í Kaupmannahöfn.

Júlíana Sveinsdóttir (1889-1966) lærði myndlist í Danmörku, þar sem hún bjó lengst af. Hún varð ásamt Kristínu Jónsdóttur fyrst

íslenskra kvenna til að leggja fyrir sig myndlist sem atvinnu.

Guðmundur Thorsteinsson (Muggur) (1891-1924) stundaði nám í Listaakademíinu í Kaupmannahöfn 1911-16 og fór m.a. í námsferðir til Þýskalands, Ítalíu og Bandaríkjanna. Hann er einn fyrsti húmoristinn í íslenskri myndlist og einkum þekktur fyrir þjóðsagnateikningar sínar.

Jón Þorleifsson (1891-1961) stundaði listnám í Danmörku og Frakklandi og var búsettur í Danmörku til 1929. Myndlist Jóns ber mörg einkenni impressíónisma, þar sem unnið er út frá birtuáhrifum íslenskrar náttúru.

Finnur Jónsson (1892-1993) hélt til Kaupmannahafnar 1919 og síðan til Dresden 1922-25, þar sem hann nam myndlist og kynntist bæði Kokoschka og Kurt Schwitters. Finnur mótaðist á Þýskalandsförum af framsækinni þýskri myndlist og gerði á árunum 1922-25 fyrstur íslenskra myndlistarmanna afstrakt myndverk með táknrænu ívafi.

Ásmundur Sveinsson (1893-1982) nam höggmyndalist í Kaupmannahöfn 1919-20 og í Stokkhólmi 1920-26 og dvaldi í París 1926-29, þar sem hann þróaði sinn þunga og expressíóníska stíl, sem oft hafði að viðfangsefni vinnandi fólk eða íslensk þjóðsagnaminni.

Gunnlaugur Blöndal (1893-1962) stundaði listnám í Danmörku, Noregi og Frakklandi og bar með sér til Íslands strauma evrópskrar borgarmenningar á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Málverk hans einkennast af munúðarfullum léttleika og þokka.


Guðmundur Einarsson frá Miðdal (1895-1963) lærði myndlist í Kaupmannahöfn og München. Hann var frumkvöðull graffiklistar hér á landi auk þess sem hann lagði fyrir sig málalag.

Kristinn Pétursson (1896-1981) lærði myndlist í Kaupmannahöfn, Ósló, París og Vín á árunum 1927-31, þar sem hann mótaðist af þýskum expressíónisma og síðar af verkum Kandinskys. Kristinn er kunnastur fyrir einfaldar landslagsmyndir sínar sem eru á mörkum þess að vera óhlutbundnar afstraktmyndir.

Snorri Arinbjarnar (1901-58) stundaði myndlistarnám í Ósló og Kaupmannahöfn í lok þriðja áratugarins og er kunnastur af verkum sínum frá 4. og 5. áratugnum, sem vísa til hins íslenska sjávarþorps.

Kristján H. Magnússon (1903-37) stundaði nám í Bandaríkjunum 1920-25 og mun vera fyrsti íslenski listamaðurinn sem sótti menntun þangað. List hans mótaðist af bandarískri raunsæishefð og er hann kunnastur hér á landi fyrir landslagsmyndir sínar. Kristján lést í blóma lífsins.

Gunnlaugur Scheving (1904-72) stundaði myndlistarnám í Kaupmannahöfn 1923-30, bjó síðan á Seyðisfirði og í Grindavík en settist að í Reykjavík 1935.



MÁLVERK (1955-56) eftir Hjörleif Sigurðsson.



LANDNÁM (1978-79) eftir Jóhannes Jóhannesson.

Jóhann Briem (1907-1991) stundaði listnám í Dresden í Þýskalandi 1929-34 og þróaði með sér ljóðrænan expressíónisma.

Jón Engilberts (1908-72) stundaði listnám í Danmörku og Noregi og var einn helsti fulltrúi fígúratífs expressíónisma á 5. áratugnum. Viðfangsefni hans voru oft alþýðufólk til sjávar og sveita.

Í sal 2 eru verk eftir tvo af brautryðjendum íslenskrar myndlistar á 20. öldinni; Þórarín B. Þorláksson (1867-1924) og Ásgrím Jónsson (1876-1958).

Salur 3 - Afstraktlist stríðsáranna, sjötta og sjöunda áratugarins

Í þessum sal sjáum við sýnishorn af verkum þeirra listamanna sem hurfu frá hlutbundinni myndlist á stríðsárunum, en einkum þó eftir síðari heimsstyrjöldina. Myndlist þeirra endurspeglar umbrotatíma stríðsáranna á Íslandi og aukin tengsl íslenskra listamanna við umheiminn eftir stríðið.

Svavar Guðnason (1909-88) var fyrstur íslenskra listamanna til að tileinka sér óhlutbundið myndmál í anda abstrakt-expressíónisma í lok 4. áratugarins.

Þorvaldur Skúlason (1906-84) stundaði listnám í Ósló, París og Kaupmannahöfn á árunum 1928-39 en settist þá að á Íslandi. Í upphafi 6. áratugarins varð Þorvaldur einn af forvígismönnum strangflatarmálverksins en lagði undir lokin megináherslu á hreyfingu og samspil línu og litar í afstraktverkum sínum.

Sigurjón Ólafsson (1908-82) stundaði framhaldsnám í höggmyndalist í Kaupmannahöfn 1928-35 og var búsettur þar til stríðsloka 1945. Auk steinmynda vann Sigurjón bæði í gifs, tré og málm, meðal annars abstraktverk sem eiga skyldleika við afrískar tótemsúlur. Samhliða abstrakt myndsköpun vann Sigurjón alla tíð að portrettmyndagerð þar sem hann sýndi afburða innisæi.

Nína Tryggvadóttir (1913-68) stundaði nám í Kaupmannahöfn 1935-39 og New York 1943-46. Hún var búsett í París 1952-57 en upp frá því lengst af í New York, þótt hún hefði ávallt mikið samband við Ísland og tæki virkan þátt í íslensku listalífi.

Kristján Davíðsson (f. 1917) stundaði myndlistarnám í Bandaríkjunum 1945-47 og fór í kynnisferð til Parísar 1949, en er að öðru leyti sjálfmenntaður myndlistarmaður. Hann mótaðist annars vegar af bandarískum abstrakt-expressíónisma eftirstríðsáranna og hins vegar af formleysumálverki og svokölluðu „art brut“-málverki Parísarskólans eftir stríð.

Valtýr Pétursson (1919-1988) stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum 1944-46, í Flórens 1948 og í París 1949-50 og 1956-57. Hann var meðal helstu boðbera strangflatarmálverksins á fyrri hluta 6. áratugarins, en smám saman þróaðust verk hans yfir í lýrískan expressíónisma undir sterkum áhrifum frá franska skól-anum.

Ásgerður Búadóttir (f. 1920) stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn á árunum 1946-49. Hún hefur fyrst og fremst unnið með vefnað, þar sem hún hefur tileinkað sér óhlutbundið myndmál, en þó oft með efnislegum og formlegum skírskotunum í íslenska náttúru.

Jóhannes Jóhannesson (f. 1921) stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum 1945-46, Ítalíu 1949 og París 1951. List hans sýndi í upphafi áhrif frá Picasso, en þróaðist smám saman upp í hreina óhlutbundna list þar sem byggt var á frjálsri hrynjandi lita og forma

þar sem hringformið leikur gjarnan lykilhlutverkið.

Hörður Ágústsson (f. 1922) stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn 1945-46 og í París, þar sem hann dvaldi lengst af á árunum 1947-52. Í upphafi vann Hörður myndir í expressíónískum anda með táknrænu ívaði, en í upphafi 6. áratugarins gerðist hann einn helsti talsmaður strangflatarmálverksins hér á landi.

Guðmunda Andrésdóttir (f. 1922) stundaði framhaldsnám í Stokkhólmi 1946-48 og París 1951-53. Hún tileinkaði sér myndmál strangflatarlistarinnar snemma á sjötta áratugnum, fyrst með strangt afmörkuðum ferningum og þríhyrningum, en smám saman losnaði um myndbyggingu hennar.

Karl Kvaran (1924-89) stundaði framhaldsnám í myndlist í Kaupmannahöfn 1945-48 og aftur 1955-56. Hann er einn helsti fulltrúi strangflatarmálverksins í íslenskri myndlist og hélt lengst allra málara af sinni kynslóð tryggð við það tjáningaform, þar sem stefnt var að stöðugt meiri einföldun myndmálsins og megináhersla lögð á hrynjandi, einkum í bogadregnum línunum og hringformum.

Hjörleifur Sigurðsson (f. 1925) stundaði nám í Stokkhólmi og París 1946-50 og í Ósló 1950-52. Eftir heimkomuna gerðist hann einn af helstu frumkvöðlum strangflatarmálverksins hér á landi.

Gerður Helgadóttir (1928-75) stundaði framhaldsnám í höggmyndalist í Flórens og París 1948-51 og var búsett í Frakklandi til 1970. Hún tók þó virkan þátt íslensku listalífi og var meðal frumkvöðla hinnar hreinu óhlutbundnu formhugsunar í höggmyndalistinni á 6. áratugnum.

Sverrir Haraldsson (1930-85) stundaði framhaldsnám í París 1952-53 og Berlín 1957-60. Hann var í hóp þeirra er innleiddu strangflatarlistina hér í byrjun 6. áratugarins og leitaðist hann einnig við að útfæra formrannsóknir sínar í bókahönnun, auglýsingum og skiltagerð. Í kringum 1960 leysti Sverrir upp hin ströngu form með verkum sem höfðu súrrealískan undirtón og vísuðu til kosmískra vídda. Verk þessi, sem voru unnin með spraututækni, voru forleikurinn að því að Sverrir fór að mála landslagsmyndir sem oft höfðu á sér súrrealískt yfirbragð. Samhliða málverkinu vann Sverrir finngerða skúlptúra í tré.

Í anddyri eru þrír fulltrúar „nýja málverksins“.

Helgi Þorgils Friðjónsson (f. 1953) stundaði framhaldsnám í Hollandi 1977-79. Hann kom fram sem einn helsti frumkvöðull hins svokallaða „villta málverks“ undir lok 8. áratugarins. Uppreisnin sem finna mátti í fyrstu verkum hans vék smám saman fyrir æ flóknara táknmáli með sterkum vísunum í íslenska náttúru og heimahaga hans við Breiðafjörðinn.

Georg Guðni (f. 1961) stundaði nám í MHÍ 1980-85 og framhaldsnám í Maastricht, Hollandi 1985-87. Frá upphafi hefur athygli Georgs Guðna beinst að landslagsmálverkinu, einkum hinni rómantísku landslagshefð sem vitnar um einingu og samsvörun fegurðarinnar í listinni jafnt og í náttúrunni.

Sigurður Árni Sigurðsson (f. 1963) stundaði nám í MHÍ 1984-87 og í París 1987-90, þar sem hann hefur verið búsettur lengst af síðan. Frá upphafi hefur Sigurður Árni lagt rækt við fígúratíft myndmál sem hefur mörg einkenni ráðgátunnar.

Í Sal 4 eru verk eftir Magnús Pálsson, Sigurð Guðmundsson, Kristján Guðmundsson og fleiri.



Morgunblaðið/Porkell

ARNGUNNUR Ýr Gylfadóttir á vinnustofu sinni þar sem hún var að yfirfara málverkin sem voru nýkomin úr flugi.

AUGAÐ Á AÐ GETA FERÐAST INN Í MYNDIRNAR

Málverkasýning Arngunnar Ýrar Gylfadóttur verður

opnuð í Gallerí Sævars Karls í dag klukkan 14. Þar

sýnir hún stór olíumálverk og mjög smáar myndir en

í spjalli við HILDI EINARSDÓTTUR segir hún að

stærðirnar geri mismunandi kröfur til áhorfandans.

STÁSTLIÐIÐ ár hefur verið annasamt hjá Arngunni Ýri því hún hefur verið að undirbúa fjórar einkasýningar sem opna á næstu mánuðum. Ein verður í Brussel, önnur í San Francisco, sú þriðja í Þorvoo í Finnlandi sem er rétt utan við Helsinki og svo er það þessi sýning í gallerí Sævars Karls. Hún segir frá því að þegar hún hafi ætlað að byrja að vinna myndir fyrir þessar sýningar síðastliðið haust hafi hún komist í hvílikt gagnrýnisstuð, eins og hún orðar það, að henni hafi ekkert orðið úr verki. „Ég var ekki ánægð með það sem ég var að gera og málaði jafnóðum yfir það. Þetta tímabil var erfitt en þegar það var yfirstaðið fann ég að það hafði leitt margt gott af sér.

Ég hef alltaf verið mjög upptekin af efninu og hvernig hægt er að nota það,“ heldur hún áfram og segir svo að nú sé efnismeðferðin hjá henni orðin mun flóknari og fagaðri. „Sem lið í þessari þróun hef ég undanfarin tvö ár verið að stúdera gamla veggj og byggingar í niðurníðslu. Þegar ég var í París í fyrrasumar eyddi ég miklum tíma í göngum neðanjarðarlestanna að skoða veggina þar. Eflaust hefur einhverjum fundist einkennilegt hvernig ég starði á veggina langtínum saman.

Allt er breytingum háð

Þegar ég vinn myndir mínar geri ég eins og gömlu meistarárnir að ég byggi upp mörg lög af olíu og lit. Fráburgðið þeim vinn ég mig svo aftur til baka að innri lögum myndanna með því að skrapa og leysa upp lögin, þannig fær áferðin á sig yfirbragð gamals veggjar. Tilgangurinn með þessu er sá að minna á að ekkert stendur í stað, allt er breytingum háð sem segja má að sé þemað í nýjustu myndunum mínum.

Ég sækir myndefnið oftast í landslagið en það er eins með það og flest í kringum okkur að það er breytingum undirorpið. Við litum í kringum okkur og finnst við geta treyst því að ekkert breytist en það er ekki svo. Sumir eru hræddir við breytingar en reynsla mín er sú að þær geti leitt af sér margt jákvætt ef fólk tekur þeim með opnum huga. Myndefnið sjálft og efnismeðferðin fela þannig í sér ákveðinn boðskap.

Aður fyrr leitaði ég töluvert í jarðfræðina að myndefni og var stundum með jarðfræðilegar upplýsingar í myndum mínum eins og til dæmis skrifaðan texta um náttúruhamfarir og hvernig má koma í veg fyrir þær. Þessa gætir enn í sumum myndum mína. Í nýrri myndunum er það þó efnið sjálft sem tjáir þessa hugmynd. – Málverkið snýst fyrst og fremst um efnið og

hvernig það er meðhöndlað. Það er einmitt það sem gerir málverkið svo áhugavert.“

Arngunnur Ýr segir að hún sé farin að vinna hægar en áður og það taki hana mun lengri tíma að vinna hverja mynd. „Nú mála ég yfirleitt ekki fleiri en tíu stórar myndir á ári. Það er þannig með mig að annað hvort mála ég mjög stórar myndir, allt upp í tveggja metra langar myndir, og niður í myndir sem eru ekki nema 20–30 sentimetrar á kant. Þessar stærðir henta mér best. Stóru myndirnar hafa ákveðinn kraft vegna stærðar sinnar en litlu myndirnar eru persónulegri.“

Lengri tími fer nú í að vinna hverja mynd

Arngunnur Ýr lauk mastersnámi í málalari frá háskólanum í Oakland í Kaliforníu en auk þess lærði hún hér við Myndlista- og handíðaskólann í tvö ár en stundaði síðan nám við San Francisco Art Institute í önnur tvö ár. Þá dvaldi hún í Amsterdam í Hollandi í eitt ár þar sem hún vann sjálfstætt. Arngunnur Ýr er gift Bandaríkjamanni og eiga þau tvö ung börn. Maður hennar, Lawrence Andrews, er vid-eolistamaður og kvikmyndagerðarmaður þar í landi auk þess sem hann gegnir stöðu prófessors við Kaliforníuháskóla. Arngunnur Ýr á því sitt annað heimili í Bandaríkjunum.

Safnar hugmyndum á Íslandi

Hún segist þó helst vilja búa á Íslandi og hún reyni að koma því þannig fyrir að hún dvelji í eitt ár til skiptis á hvorum stað. Nú er hún komin heim til að vera í að minnsta kosti eitt og hálf ár. Hún hefur fengið lánaða vinnustofu í Reykjavík en býst við að hafa aðstöðu í Listamiðstöðinni að Straumi næsta vetur. Að þessum tíma liðnum fer hún til Suður-Frakklands og dvelur þar í nokkra mánuði á gestavinnustofu fyrir listamenn.

Þótt Arngunnur Ýr hafi dvalið langdvölum erlendis sækir hún efniviðinn í myndir sínar til Íslands. „Ég hef starfað sem leiðsögumaður hér á sumrin og fer þá með útlendinga upp um fjöll og firnindi. Í þessum ferðum safna ég hugmyndum og geymi þær innra með mér. Myndirnar mínar sýna oftast einhvern sjóndeildarhring eins og mætir auganu þegar staðið er hátt og horft yfir,“ bætir hún við til skýringar. „Það er þó alltaf ákveðin lárétt lína í verkinu en auk þess legg ég áherslu á að það sé dýpt í myndinni þannig að augað geti ferðast inn í hana.“

Undanfarin ár hefur Arngunnur Ýr getað helgað sig málverkinu nær eingöngu. „Þessi vinna og svo fjölskyldan er það sem líf mitt snýst um,“ segir hún.